

Hero Productions
Súðarvogur 7
104Reykjavík

Fimmtudagur, 30. júní 2025
202506-0134/H.Á.
10.02.01

Efni: Leyfi til notkunar dróna - Háifoss, Skógafoss og Fjaðrárgljúfur

Náttúruverndarstofnun hefur mótttekið umsókn Hero Productions, dagsett 25.6.2025, um leyfi til kvikmyndatöku (með dróna) við Háafoss, Skógafoss, Reynisfjöru, Fjaðrárgljúfur, Foss á Síðu og Stuðlagil dagana 20.-30. júlí 2025 (dagsetningu breytt eftir að umsókn barst).

Fjaðrárgljúfur er friðlýst sem náttúruvætti sbr. [auglýsing nr. 555/2024](#). Óheimilt er að raska gróðri og hrófla við jarðminjum á friðlýsta svæðinu. Afla skal leyfis Náttúruverndarstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem geta haft í för með sér rask eða kalla á aðstöðu, mannafla eða meðferð tækja innan náttúruvættisins, s.s. vegna kvikmyndagerðar, listviðburða og samkomuhalds.

Hjálparfoss, Gjáin og Háifoss og Granni eru friðlýst sem náttúruvætti sbr. [auglýsing nr. 110/2020](#). Óheimilt er að spilla gróðri, öðrum en framandi tegundum, eða trufla dýralíf af ásetningu innan verndarsvæðisins. Notkun fjarstýrðra loftfara er óheimil í náttúruvættunum nema að fengnu leyfi Náttúruverndarstofnunar.

Skógafoss er friðlýstur sem náttúruvætti sbr. [auglýsing nr. 477/1987](#). Óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf og raska jarðmyndunum innan svæðisins. Samkvæmt [stjórnunar og verndaráætlun](#) náttúruvættisins er flug ómannaðra loftfara óheimil á svæðinu nema með leyfi Náttúruverndarstofnunar. Kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir skulu ekki trufla dýralíf innan náttúruvættisins og truflun við aðra gesti skal vera í lágmarki. Kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir sem geta haft áhrif á náttúru svæðisins og upplifun gesta eru háðir leyfi Náttúruverndarstofnunar.

Reynisfara, Foss á Síðu og Stuðlagil eru ekki friðlýst svæði og því ekki háð leyfi Náttúruverndarstofnunar á þessum stöðum.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfir til að nota dróna dagana 20.-30. júlí 2025. Nánara skipulag á dagsetningum fer eftir veðurfari hvers dags. Átta einstaklingar koma að verkefninu. Ekki er þörf á neinni uppsetningu í tengslum við verkefnið, þar sem unnið verður út frá bílastæðum. Eingöngu er

um drónatökur að ræða og verður unnið frá vel merktum svæðum með tilliti til öryggis fyrir ferðamenn og umhverfi. Kort sem sýnir upplýsingar um flugleið fylgir umsókn.

Áhrifamat:

Náttúruverndarstofnunin telur að verkefnið muni ekki hafa neikvæð áhrif á náttúru og verndargildi svæðanna á þeim tíma sem óskað er eftir. Drónaflug gæti haft neikvæð áhrif á upplifun annarra gesta á svæðunum en áhrifin geta minnkað ef skilyrðum leyfisins er fylgt.

Skilyrði:

Náttúruverndarstofnun veitir Hero Productions fyrir sitt leyti leyfi fyrir notkun dróna við Fjaðrárgljúfur, Háafoss og Skógafoss sbr. lýsingu hér að ofan á tímabilinu 20.-30. júlí 2025 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Náttúruverndarstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhringsfyrirvara.**
- Náttúruverndarstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Einungis skal gengið eftir merktum göngustígum og óheimilt er að fara inn á lokuð svæði.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmd verkefnisins og frágang svæðisins skal hafa samband við Náttúruverndarstofnun í síma 556-6800.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Náttúruverndarstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Stjórnandi drónans skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að flugið valdi eins litlu ónæði og hægt er. Færri gestir heimsækja svæðin snemma morguns og síðdegis.
- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum, hvorki nálægt hreiðrum né á varptíma eða á þeim tíma sem telst viðkvæmur fyrir dýr og fugla.
- Flugtíma skal haldið í lágmarki og það skal fara fram utan þess tíma sem flestir gestir eru á svæðinu.
- Ef drónaflugið hefur truflandi áhrif á fugla- og/eða dýralífið skal því hætt samstundis.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á

neinn hátt. Ef loftfarið brotlendir eða bilar skal ábyrgðarmaður þess sjá til þess að allir hlutar þess verði fjarlægðir.

- Af öryggisástæðum skal sá sem stjórnar ómönnuðu loftfari klæðast merktum fatnaði svo hægt sé að auðkenna viðkomandi.
- **Vegna lífríkisverndar er óheimilt að fljúga inn í gilið við Skógafoss, sjá meðfylgjandi kort í tölvupósti.**
- Óheimilt er að fljúga nær fuglabjörgum en 50 metra ef fugl er í bjarginu.
- Ef fálkar eða ernir eru á flugi á svæðinu er óheimilt að setja dróna á loft.
-

Leyfisgjald:

Náttúruverndarstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir, kvikmyndagerðar og/eða myndatöku er kr. **83.200.** sbr. 7. gr. b. gjaldskrá Náttúruverndarstofnunar nr. 354/2025.

Eftirlit:

Náttúruverndarstofnun mun hafa eftirlit með verkefninu og verður það framkvæmt af starfsfólki Náttúruverndarstofnunar.

Virðingarfyllst

Ragnheiður Björk Sigurðardóttir

Sérfræðingur

Helga Árnadóttir

Verkefnisstjóri